

Samningur um notkun á snjalltækjum, símum og tónhlöðum í kennslustundum

Þessi samningur er gerður vegna þess að snjalltæki hafa truflað nám nemenda.

Það var niðurstaða kennarafundar að ekki þyrfti að banna snjalltæki heldur ákveðið að bjóða nemendum upp á að gera samning um notkun þeirra.

Nemendur sem ekki hafa skrifað undir þennan samning mega ekki koma með tækin í skólann.

- Í kennslustundum á alltaf að vera lokað á samskiptaforrit (facebook, instagram, snapchat o.þ.h). Ekki má taka myndir eða myndbönd né svara skilaboðum og símtölum í kennslustundum.
- Nemendur geta aðeins hlustað á tónlist ef þeir eru með tilbúinn lagalista á tækinu sem endist a.m.k. eina kennslustund.
- Í upphafi kennslustundar skal stilla tónlistina þannig að lagalisti endist í a.m.k. 40 mínútur.
- Snjalltæki skulu aðeins notast í kennslustundum til að hlusta á tónlist.
- Kennari getur gert undantekingu og leyft nemendum að fara á netið í snjalltækinu eða nota það sem vasareikni ef það tengist námi nemenda (t.d. netorðabækur eða heimildaleit í þemanámi).
- Ef kennari telur að nemandi hafi brotið gegn einhverri af þessum reglum skal hann taka tækið af nemandanum og geyma það til loka skóladags.
- Ef nemandi telur að snjalltæki hafi ranglega verið tekið af honum skal hann ræða við kennara í lok dags og útskýra mál sitt. Starfsmaður og nemandi skulu ganga þannig frá málum að slíkur misskilningur komi ekki upp aftur. Ef ekki næst niðurstaða í málið er það leyst á fundi með nemanda, kennara, forráðamönnum og skólastjóra.
- Starfsmönnum skólans er óheimilt að skoða innihald tækja nemenda eða svara símtölum sem kunna að berast á meðan tækið er í vörslu skólans.

Valsárskóli / 2015

Nemandi

Kennari

